

Kirkjur.	Innieign í kirkju- sjóðnum við árslok 1894.	Lagt í kirkjusjóð- inn á árinu 1895.	Tekið úr kirkju- sjóðnum á árinu 1895.	Hlut- fallsleg- ur ágóði á árinu 1895.	Innieign í kirkju- sjóðnum við árslok 1895.
	Kr. a.	Kr. a.	Kr. a.	Kr. a.	Kr. a.
57. Sólheimakirkja	211 51	100 00	« «	8 87	320 38
XIX. Austur-Skaptafellsprófastsdæmi.					
58. Einholtskirkja	532 96	« «	« «	18 21	551 17
59. Stafafellskirkja	208 68	« «	« «	8 91	217 59
XX. Suður-Múlaprófastsdæmi.					
60. Hólmakirkja	3923 15	200 00	« «	136 76	4259 91
61. Eydalakirkja	432 36	200 00	« «	14 98	647 34
62. Vallaneskirkja	1387 51	664 00	« «	61 51	2113 02
Samtals kr.	33484 82	5843 26	6197 79	1114 42	34244 71

Aths. Sú upphæð, sem kemur til skipta hjer, eru vextir, sem fallið hafa til eða áttu að falla til eða áttu að greiðast á árinu 1895, 1123 kr. 57 a. að frádregnum gjaldliðunum 2 og 7 b. í reikningnum yfir tekjur og gjöld kirkjusjóðsins 1895, 9 kr. 15 a. = 1114 kr. 42 a.

Að meðtöldum skuldabryfum Glæsibæjarkirkju í Eyjafjarðarprófastsdæmi, 400 kr., og Strandakirkju í Selvogi, 200 kr., sbr. Stjórnartíðindi 1894, B. bls. 142, er eign hins almenna kirkjusjóðs við árslok 1895 alls 34844 kr. 71 eyrir.

Stiptsyfirvöld Íslands, Reykjavík 29. sept. 1896.

J. Havsteen. Hallgr. Sveinsson.

Brjef landshöfðingja til biskups um sameining tveggja sókna, og niðurlagning tveggja kirkna og bygging einnar í þeirra stað. — Eptir ósk hlutaðeigandi sóknarnefnda og löglegri ályktun hjeradsfundarins í Vestur-Skaptafellsprófastsdæmi 18. oktbr. 1894, og að fenginni yfirlýsingu eiganda Búlandskirkju, skal jeg samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í þóknanlegum brjefum 17. júní f. á. og 28. f. m., og með skirskotun til 4. gr. í lögum nr. 3, frá 27. febr. 1880, leggja samþykki mitt á, að kirkjurnar að Ási og Búlandi í Skaptártungu verði lagðar niður þannig:

1. að Búlandssókn sameinist Ásasókn og byggð verði að Gröf ný kirkja fyrir hina þannig sameinuðu Asasókn, og tilfalli þeirri kirkju tekjur þær, er áður hafa tilfallið Búlandskirkju og Ásakirkju.
2. að skuld Búlandskirkju til eigenda hennar falli niður,
3. að skrúði og áhöld (ornamenta og instrumenta) Búlandskirkju og Ásakirkju, svo og allar aðrar eignir hinnar síðarnefndu kirkju hverfi til hinnar fyrirhuguðu Grafarkirkju.
4. Að því leyti, sem Búlands eigendur hafa gert það að skilyrði fyrir samþykki sínu í þessu efni, að þeim verði leyft að losast við prestsmótugjald það, er nú hvílir á eigninni gegn því að greiða innan 5 ára einu sinni fyrir allt 1040 krónur til prestakallsins, þá mun verða leitað allra hæsts leyfis til þessa.

22. dag októbermån. 1896.

- 141** 5. Jörðunni Búlandi halda eigendurnir að öðru leyti, að óskertum rjettindum hennar, hlunnindum og öllum inytjum.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að því viðbættu, að ekkert virðist vera því til fyrirstöðu, að eigendur Grafar fái sanngjarna þóknun fyrir að láta af hendi kirkjustæði og kirkjugarðsstæði, úr því hlutaðeigendur allir eru því meðmæltir, en um breyting, ef með þarf, á lántökuleyfinu til byggingar hinni fyrirhuguðu kirkju að Gröf, vænti jeg tillagna stíptsyfirvaldanna á sínum tíma.

- 142** 6. oktbr. **Brjef landshöfðingja til amtmannsins í Suðuramtinu og Vesturamtinu um að verja megí Eldgossasjóði Suðuramtsins til styrktar fátækum leiguliðum, er tjón bafa beðið af jarðskjálftum í Rangárvallasýslu og Árnassýslu.** — Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra amtmáður, dagsett 3. þ. m., vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess að hinum svo nefnda Eldgossjóði Suðuramtsins ásamt tilföllnum vöxtum verði skipt upp milli Rangárvallasýslu að $\frac{2}{5}$ hlutum og Árnassýslu að $\frac{3}{5}$ hlutum, til þess að bæta úr tjóni því, er nefndar sýslur hafa orðið fyrir af hinum nýafstöðnu jarðskjálftum, þannig að hlutaðeigandi sýslunefndum sje falið að úthluta fjenu til fátækra leiguliða, sem orðið hafa fyrir mestum skaða við ofangreindan atburð.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar.

- 143** 7. oktbr. **Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Borgarfjarðar og Mýrasýslu um endurgreiðslu á tolli af brennivíni, er lekið hafði niður.** — Í erindi, dagsettu 29. ágúst þ. á., hefir kaupmaður Thor Jensen á Akranesi farið fram á endurgreiðslu á aðflutningsgjaldi af 77 pottum af 8^o brennivíni, sem lekið hafi niður úr ílátum, er flutzt hafi frá útlöndum til Akraness með skipinu »Otra« 8. maí þ. á., og fylgdi erindi þessu vottorð snertandi þetta mál frá umboðsmanni yðar í tjeðu kauptúni.

Eptir að hafa fengið álit hins umboðslega endurskoðanda um málefni þetta og umsögn yðar, herra sýslumaður, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 21. f. m., er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að með því að það eptir atvikum verður að álitast sannað með hinu umgetna vottorði, að hinir umræddu 77 pottar af 8^o brennivíni hafi lekið niður á leiðinni til Akraness, þá fellst jeg á, að beiðandanum samkvæmt 3. gr. laga nr. 10 frá 11. febrúar 1876 sje endurgoldið aðflutningsgjald það, sem hann hefir af þeim greitt, og skal jeg því þjónustusamlega skora á yður að greiða honum 23 kr. 10 aura, að frádregnum innheimtulaununum, af aðflutningsgjaldi því, er þjer heimtið saman á þessu ári, og telja þessa upphæð með útgjöldum í aðflutningsgjaldsreikningi yðar.